

# Lím fyrir túss-, segul- og skjávarpaveggfóður

## Smart Vinyl-over-Vinyl Wallpaper Adhesive

Vinyl-over-Vinyl veggfóðurslímið er hannað til notkunar fyrir öll Smarter Surfaces veggfóður. Það hentar jafnframt sérstaklega vel fyrir þyngri og þéttari veggfóður sem krefjast öflugra líms við uppsetningu. Ekki skal nota annað lím undir segulveggfóður. Veggfóðurslímið er borið beint á vegginn og hefur góða viðloðun við slétta og glansandi fleti. Límið er tilbúið til notkunar og þarf ekki að blanda. Tvær stærðir fást af umbúðum sem þekja 12 m<sup>2</sup> og 24 m<sup>2</sup>.

## Verklýsing

1. Tryggið að flöturinn sé þurr, hreinn og fastur í sér. Mælt er með að þrifa flötinn vel með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö.
2. Grunnið gljúpa fleti, t.d. nýtt spartl. Slétta og glansandi fleti skal slípa létt með sandpappír áður en grunnað er.
3. Við uppsetningu veggfóðurs:
  - a. Ráðlagt er að vera búinn að máta og skera veggfóðrið fyrir flötinn þannig að það sé tilbúið áður en límið er borið á vegginn.
  - b. Notið stutthærða rúllu eða pensil til að koma TVEIMUR léttum umferðum af líminu á vegginn; ekki bera límið á veggfóðrið sjálf.
  - c. Setið veggfóðrið upp á vegginn og rennið til þangað til það er komið á réttan stað.
  - d. Notið sléttan plastspaða til að þrýsta veggfóðrinu þétt að veggnum. Vinnið frá miðju að köntum og þrýstið burt öllum loftbólum og aukalími undan veggfóðrinu. Notið rakan klút til að þrifa burt umfram lím.
  - e. Ef verið er að bæta við veggfóðursrenning við eldra veggfóður skal bleyta endana fyrst með vatni og bera þunnt lag af lími á þá.
  - f. Að þessu loknu skal skoða veggfóðrið vel til að tryggja að engar loftbólur leynist í fletinum.
5. Samskeytaviðgerðir:
  - a. Lyftið samskeytunum varlega.
  - b. Berið límið á flötinn undir samskeytin.
  - c. Þrýstið yfir veggfóðrið með veggfóðursspaða, tryggið að öllu lofti sé náð undan veggfóðrinu.
  - d. Þrifið burt allt aukalím með rökum klúti.

Má nota á gífs, við, málmglær, plast, samsett efni, flísar og keramik.

